Skólaráðsfundur 12.okt 2017

1. Skólastjóri benti á að ekki sé búið að tilnefna tvo fulltrúa nemenda í skólaráð en verður gert fljótlega.
2. Skólastjóri nefndi að einn fulltrúa foreldra hefði sagt sig frá þátttöku í skólaráði (sbr. póst 12.10.2017)
3. Skólanámskrá 2017-2018
    - Skólastjóri kynnti uppbyggingu á stundatöflum nemenda og tímafjölda nemenda á elsta stigi.
4. Mat á skólastarfi
    - Skólastjóri fór yfir mat á skólastarfi – sjálfsmatsskýrslu 2017-2018. Benti á ákveðna þætti s.s. viðhorf nemenda til aga í kennslustundum og viðhorf foreldra til úrvinnslu eineltismála. Fulltrúi kennara útskýrði aðeins hvernig unnið er úr eineltismálum í skólanum.
    - Skólastjóri fór yfir náms- og kennsluáætlanir skólans. Fáar eru virkar á heimasíðunni vegna breytinga hjá Mentor.
    - Starfsáætlun skólans: Skólastjóri fór yfir hana og kynnti lauslega, s.s. viðmiðunarstundaskrá.
    - Skólastjóri benti á að sjálfsmatsskýrsluna væri að finna á heimasíðu skólans.
    - Stefnt á foreldrafund síðar í vetur þar sem kynntar verða niðurstöðu Skólapúls, niðurstöður samræmdra könnunarprófa og umbótaáætlun. Nefndi einnig Bókun 1 í kjarasamningi kennara og umbótaáætlun.
    - Fulltrúar í skólaráði beðnir að lesa áðurnefndar áætlanir og gögn til umsagnar á næsta fundi.
5. Viðbyggingin
    - Næstu skref varðandi viðbyggingu og breytingar á húsnæði Álftanesskóla – Frístundar og Elítunnar.
    - Skólastjóri fór yfir vangaveltur um tengingu skóla við íþróttahús, staðsetningu bókasafns, brunavarnir, áætlun um tímasetningu á framkvæmdum.
    - Lokahönnun á byggingum á að skila inn í nóvember.
    - Fulltrúi foreldra benti á að koma tillögum um umbætur/úrbætur á skólalóð áfram til bæjarstjóra, s.s. úrbótum á malarboltavelli og stæði f. fatlaða til úrbóta á aðgengi nærri skólanum.
6. Önnur mál
    - Úrbætur á skólalóð: sjá síðasta lið hér að ofan.
    - Hjólamál: Einhverjar eru að losa um hjól (gjarðir) á hjólum nemenda og klippa á bremsur. Rætt um mikilvægi þess að upplýsa nemendur og foreldra um mikilvægi þess að vera vel á verði.

Fundi slitið kl. 9:10